

Frumvarp til laga

um breytingar á ýmsum lögum vegna nýrra samgöngustofnana.

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

I. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

1. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ og „Siglingastofnunar Íslands“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- b. Í stað orðsins „flugmálastjórnar“ í b-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

II. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

2. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 4. mgr. 145. gr. og 1. mgr. 227. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ tvívegis í 8. mgr. 171. gr. a, 1., 2. og 4. mgr. 220. gr. og 5. og 8. mgr. 226. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- c. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ tvívegis í 3. mgr. 227. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

III. KAFLI

Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985, með síðari breytingum.

3. gr.

Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

4. gr.

- a. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ í 4. mgr. 1. gr., 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., 1., 2. og 5. mgr. 6. gr., 4. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr., 14. gr., tvívegis í 3. mgr. 15. gr., 16. gr. og 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ tvívegis í 1. mgr., 2. og 5. mgr. 1. gr. a og 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- c. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í b-lið 4. mgr. 1. gr. a laganna kemur: Samgöngustofu.

- d. Í stað orðsins „Siglingastofnunar“ í 5. mgr. 1. gr. a og 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- e. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. og 6. mgr. 6. gr., 7. gr., 2. mgr. 15. gr., tvívegis í 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: forstjóri Samgöngustofu.
- f. Í stað orðsins „siglingamálastjóra“ í 6. mgr. 9. gr., 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: forstjóra Samgöngustofu.

V. KAFLI

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

5. gr.

- a. Í stað orðsins „vegamálastjóra“ í 2. mgr. 34. gr., 2. mgr. 81. gr. og 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: forstjóra Vegagerðarinnar.
- b. Í stað orðsins „Vegagerðarinnar“ í 2. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 68. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- c. 1. og 2. másl. 3. mgr. 76. gr. laganna orðast svo: Samgöngustofa getur, að fengnu samþykki Vegagerðarinnar, veitt undanþágu frá reglum, sem settar eru samkvæmt grein þessari, þegar brún nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfið skal fylgja ökutækinu við flutninginn.
- d. Í stað orðsins „Vegamálastjóri“ í 1. og 3. mgr. 81. gr. og 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: Forstjóri Vegagerðarinnar.
- e. Í stað orðsins „Umferðarstofu“ í 3. mgr. 91. gr. og 117. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- f. 116. og 117. gr. laganna færast fremst í XVI. kafla.
- g. Fyrirsögn XV. kafla laganna fellur brott.

VI. KAFLI.

Breyting á lögum um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, nr. 45/1990.

6. gr.

- a. Í stað orðanna „Vegagerð ríkisins“ í 4. og 5. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðanna „Vegagerðar ríkisins“ í 4. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54/1992, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 5. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðsins „Umferðarstofu“ í 1. og 3. mgr., tvívegis í 4. mgr. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XIII í lögum kemur: Samgöngustofu.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um köfun, nr. 31/1996.

9. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 1. og 3. mgr. 3. gr., 1. og 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- c. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

X. KAFLI

Breyting á lögum um sjóvarnir, nr. 28/1997, með síðari breytingum.

10. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Vegagerðin.
- b. 2. gr. laganna fellur brott.
- c. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ í 2. mgr. 3. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr. og þrívegis í 10. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Vegagerðin.
- d. Í stað orðsins „hafnarád“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: ráðherra.
- e. Í stað orðanna „Nú telur Siglingastofnun, að höfðu samráði við hafnarád“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Nú telur Vegagerðin.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, með síðari breytingum.

11. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XII. KAFLI

Breyting á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

12. gr.

- a. Í stað orðsins „Flugmálastjórn“ í 2. mgr. 4. gr., orðanna „Flugmálastjórn Íslands“ í 5. gr., orðsins „Flugmálastjórnar“ í 1. mgr. 14. gr. og orðanna „Flugmálastjórnar Íslands“ í 3. mgr. 28. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðsins „flugmálastjóra“ í 2. mgr. 55. gr. laganna kemur: forstjóra Samgöngustofu.
- c. Í stað orðsins „flugmálastjóri“ í 2. og 5. mgr. 55. gr. laganna kemur: forstjóri Samgöngustofu.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um vitamál, nr. 132/1999, með síðari breytingum.

13. gr.

- a. 1. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra fer með yfirstjórn vitamála og framkvæmd þeirra er á hendi Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.

- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 1. mgr. og 1. másl. 3. mgr. 2. gr., 5., 6. og 8. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 1. og 3. mgr. 9. gr., 3. mgr. 10. gr. og 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Vegagerðin.
- c. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 2. másl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- d. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ tvívegis í 3. mgr. 2. gr. og 6. mgr. 3. gr. laganna kemur: Vegagerðin.
- e. Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Yfirstjórn vitamála.**
- f. 4. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
- g. Orðin „sem leitar umsagnar siglingaráðs um málið“ í 5. mgr. 3. gr. laganna falla brott.
- h. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 5. mgr. 3. gr. og 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- i. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 7. mgr. 3. gr. laganna kemur: Samgöngustofu og Vegagerðinni.
- j. Í stað orðanna „Siglingastofnunar er henni“ í 7. mgr. 3. gr. laganna kemur: Samgöngustofu og Vegagerðarinnar er Vegagerðinni.
- k. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 7. mgr. 3. gr., 6. gr., tvívegis í 3. mgr. 9. gr. og 1. og 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: Vegagerðarinnar.
- l. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands getur, að fenginni umsögn siglingaráðs“ í 8. mgr. 3. gr. laganna kemur: Vegagerðin getur.
- m. Í stað orðsins „Siglingastofnunar“ í 6. mgr. 10. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „Umferðarstofa“ í c-lið 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

15. gr.

- a. Í stað orðsins „Vegagerðarinnar“ í 1. mgr. og tvívegis í 5. mgr. 3. gr. og 10. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- b. Í stað orðsins „Vegagerðin“ í 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- c. Í stað orðsins „Umferðarstofu“ í 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- d. Í stað orðsins „Vegagerðinni“ þrívegis í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

16. gr.

- a. Orðin „Flugmálastjórn Íslands“ í 3. mgr. 24. gr. laganna falla brott.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, með síðari breytingum.

17. gr.

- a. Í stað orðsins „Vegagerðinni“ í 1. gr., 5. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr., 4. mgr. 13. gr., 2. mgr. 14. gr. og 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- b. Í stað orðanna „Vegagerðin fer“ í 2. gr. laganna kemur: Samgöngustofa og Vegagerðin fara.
- c. 6. másl. 2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.
- d. Í stað orðsins „Vegagerðarinnar“ í 3. mgr. 7. gr., 11. gr., 1. og 4. mgr. 12. gr., 4. mgr. 13. gr. og 1. mgr., þrívégis í 2. mgr. og 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- e. Í stað orðsins „Vegagerðin“ í 8. gr., 10. gr., 11. gr., tvívégis í 2. mgr. og 3. mgr. 14. gr. og 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- f. Í stað orðsins „Vegagerðarinnar“ í 17. gr. laganna kemur: Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.
- g. 2. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum falla brott.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.

18. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 10. tölul. 2. gr., 4. mgr. 3. gr., 1., 3. og 8. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., þrívégis í 1. mgr. og 4. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr. B, 1. mgr. 8. gr., 3. mgr. 9. gr., 4. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr. og 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 15. tölul. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 3. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr., 13. gr., 14. gr. og 3. mgr. 16. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- c. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ tvívégis í 2. mgr. og 3. mgr. 7. gr. B og 1. og 2. mgr. 9. gr. A laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- d. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum fellur brott.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 134/2001, með síðari breytingum.

19. gr.

- a. Í stað orðsins „Vegagerðin“ í 2. mgr. 1. gr., tvívégis í 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr., 2., 3. og 4. mgr. 6. gr., 3., 4. og 6. mgr. 9. gr. og 10. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðsins „Vegagerðarinnar“ í 3. mgr. 1. gr., tvívégis í 4. mgr. 2. gr., 1., 3. og 4. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 8. gr., 3. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- c. Í stað orðsins „Vegagerðinni“ í 2. og 3. mgr. 2. gr., 4. mgr. 3. gr., 1. og 3. mgr. 6. gr., 7. gr., 3. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- d. Ákvæði til bráðabirgða í lögnum fellur brott.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

20. gr.

Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands og Flugmálastjórn“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: og Samgöngustofa.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 146/2002, með síðari breytingum.

21. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 2. mgr. 2. gr., 5. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ tvívegis í 4. gr., 6. gr. og 7. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- c. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, með síðari breytingum.

22. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands fer“ í 1. gr. laganna kemur: Samgöngustofa og Vegagerðin fara.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 2. másl. og i-lið 1. mgr. og 3. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Vegagerðin.
- c. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í h-lið 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 10. gr., 2. og 5. mgr. 13. gr. og 1. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- d. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43/2003, með síðari breytingum

23. gr.

Í stað orðsins „Flugmálastjórn“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, með síðari breytingum.

24. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 5. mgr. 1. gr., 5. tölul. 2. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 15. gr., 1. mgr. 18. gr., 19. gr., 2. mgr. 20. gr., 21. gr., 22. gr. og 3. mgr. 28. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 3. og 4. tölul. 2. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 4. og 5. tölul. 13. gr., 14. gr., 2. og 3. mgr. 15. gr., 1. mgr. 16. gr., 2. mgr. 18. gr., 3. mgr. 26. gr. og 3. og 5. mgr. 28. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- c. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ tvívegis í 1. mgr. 6. gr., 3. og 6. mgr. 12. gr. og 4. tölul. 13. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

- d. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 1. mgr. 6. gr., tvívegis í 21. gr. og 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: forstjóri Samgöngustofu.
- e. Í stað orðsins „Siglingastofnunar“ í 1. mgr. 7. gr., 2., 4. og 5. mgr. 12. gr. og 14. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- f. Í stað orðsins „siglingamálastjóra“ í 1. mgr. 10. gr., 21. gr. og tvívegis í 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: forstjóra Samgöngustofu.

XXV. KAFLI

Breyting á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

25. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ og „hefur“ í 2. gr. laganna kemur: Samgöngustofa og Vegagerðin; og: hafa.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.
- c. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- d. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 1. mgr. 5. gr., 22. gr., 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 25. gr. og 4. mgr. 26. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Vegagerðin.
- e. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 2., 3. og 4. másl. 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 21. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- f. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 5. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Vegagerðarinnar.
- g. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 6. másl. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- h. 1. og 2. másl. 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Höfn sem nýtur ríkisstyrks er skylt að senda endurskoðaða ársreikninga sína árlega til Samgöngustofu og Vegagerðarinnar sem og aðrar upplýsingar sem stofnanirnar kunna að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar. Öðrum höfnum er skylt að veita Samgöngustofu og Vegagerðinni þær upplýsingar sem stofnanirnar óska eftir og snerta rekstur hafnanna, enda séu þær nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks þeirra samkvæmt lögum.
- i. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ í 3. másl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Samgöngustofu og Vegagerðinni.
- j. 2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:
Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Vegagerðinni að hafa samráð við viðkomandi hafnarstjórn.
- k. Í stað orðsins „Siglingastofnunar“ í 2. mgr. 25. gr. laganna kemur: Vegagerðarinnar.
- l. Í stað orðsins „hafnaráð“ í 1. og 3. mgr. 26. gr. laganna kemur: Vegagerðin.
- m. Orðin „að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands“ í 3. mgr. 26. gr. laganna falla brott.
- n. Í stað orðsins „Siglingastofnunar“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, með síðari breytingum.

26. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 5. mgr. 4. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 5. gr., b-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa, Vegagerðin.
- c. Í stað orðanna „og Siglingastofnunar Íslands“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.
- d. Í stað orðanna „sjö fulltrúa“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: átta fulltrúa.
- e. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands einn fulltrúa“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: Samgöngustofa og Vegagerðin einn fulltrúa hvor.
- f. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: Samgöngustofu, Vegagerðarinnar.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, með síðari breytingum.

27. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 1. gr., 1.–5., 7. og 9. mgr. 4. gr., 1. og 5. mgr. 5. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 6. gr., 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 12. gr. og 1. mgr. 14. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðsins „Siglingastofnun“ tvívegis í 4. mgr. og 6. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- c. Í stað orðsins „Siglingastofnunar“ í 5. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- d. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 4. og 6. mgr. 5. gr., tvívegis í 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

28. gr.

- a. Í stað orðsins „Umferðarstofu“ í 4. mgr. 4. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- b. Í stað orðsins „Vegagerðarinnar“ tvívegis í 3. mgr. og 4. mgr. 15. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- c. Í stað orðsins „Vegagerðinni“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006.

29. gr.

- a. Í stað orðsins „Flugmálastjórn“ í 14. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðsins „Flugmálastjórnar“ í 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXX. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 4. gr. og orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 5. gr. og 6. mgr. 6. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXXI. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum.

31. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 2. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 4. mgr. 7. gr., 1. mgr. 7. gr. a, 3. mgr. og c-lið 4. mgr. 8. gr., 4. mgr. 11. gr., 17. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 4. mgr. 4. gr., 3. og 6. mgr. 8. gr., 4. mgr. 9. gr., 1. og 4. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., b-lið 1. mgr., 3. tölul. a-liðar 3. mgr. og 4. mgr. 12. gr., 3. mgr. 13. gr. og 16. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- c. Í stað orðanna „Siglingastofnun“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXXII. KAFLI

Breyting á lögum um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007, með síðari breytingum.

32. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 5. mgr. 4. gr., 1., 3. og 4. mgr. 5. gr., 1. og 2. mgr. 7. gr., 9. gr., 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 9. og 12. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXXIII. KAFLI

Breyting á vegalögum, nr. 80/2007.

33. gr.

- a. Í stað orðsins „vegamálastjóra“ í 1. og 2. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 21. gr., 24. gr. og 6. mgr. 37. gr. laganna kemur: forstjóra Vegagerðarinnar.
- b. Orðin „að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands“ í 2. mgr. 22. gr. laganna falla brott.

XXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

34. gr.

Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 6. mgr. 10. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um Landeyjahöfn, nr. 66/2008, með síðari breytingum.

35. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 1. mgr. 2. gr., 2. og 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Vegagerðin.
- b. Í stað orðsins „Siglingastofnunar“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Vegagerðarinnar.
- c. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Vegagerðarinnar.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, með síðari breytingum.

36. gr.

- a. Orðið „flugmálastjóri“ í 1. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.
- b. Í stað orðanna „siglingamálastjóri og vegamálastjóri“ í 1. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: forstjóri Samgöngustofu og forstjóri Vegagerðarinnar.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 35/2010.

37. gr.

- a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 1. tölul. 3. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.
- b. Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, með síðari breytingum.

38. gr.

Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um skeldýrarækt, nr. 90/2011, með síðari breytingum.

39. gr.

Í stað orðanna „Siglingastofnunar Íslands“ í 2. mgr. 5. gr., 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 3. mgr. 9. gr., 2. mgr. 11. gr. og 17. gr. laganna kemur: Samgöngustofu.

XL. KAFLI

Breyting á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum.

40. gr.

Í stað orðsins „Umferðarstofa“ í g-lið 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um Farsýsluna, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012.

41. gr.

- a. Í stað orðsins „Farsýslan“ í 1. mgr. 1. gr., orðsins „Farsýslunni“ í 2. mgr. 6. gr., orðsins „Farsýslunnar“ í 4. mgr. 6. gr. og orðsins „Farsýsluna“ í 1. og 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

- b. Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um hlutverk og starfshætti Samgöngustofu með reglugerð.
- c. Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi fagráðs á starfssviði Samgöngustofu.
- d. Heiti laganna verður: **Lög um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála.**

XLII. KAFLI

Breyting á lögum um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, nr. 120/2012.

42. gr.

- a. Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um hlutverk og starfshætti Vegagerðarinnar með reglugerð.
- b. Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi fagráðs á starfssviði Vegagerðarinnar.
- c. Í stað orðsins „Farsýslunni“ í 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum kemur: Samgöngustofu.

XLIII. KAFLI

Breyting á lögum um rannsókn samgönguslysa, nr. 18/2013.

43. gr.

Í stað orðanna „Flugmálastjórn Íslands“ í b-lið 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Samgöngustofa.

XLIV. KAFLI

Gildistaka.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2013.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af umhverfis- og samgöngunefnd sem fylgifrumvarp við lög um Farsýsluna, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012, og lög um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, nr. 120/2012, sem samþykkt voru á þessu þingi en taka gildi 1. júlí 2013. Með frumvarpinu er ákvæðum ýmissa sérлага breytt með hliðsjón af þeim breytingum sem lögin hafa í för með sér. Að auki er lagt til að heiti Farsýslunnar verði breytt í Samgöngustofu. Borið hefur á töluverðri óánægju með nafnið Farsýslan meðal tilvonandi starfsmanna hennar og sameinuðust nokkrir þeirra um undirskriftalista til ráðherra um breytingu nafnsins. Undir þann lista skrifuðu um áttatíu manns. Ákvað ráðherra þá að efnt yrði til atkvæðagreiðslu um nöfn stofnananna beggja þar sem greidd voru atkvæði annars vegar um þrjár tillögur fyrir stjórnarsýslustofnunina, þ.e. Samgöngustofnun, Samgöngustofa og Farsýslan, og hins vegar tvær tillögur fyrir framkvæmdastofnunina, þ.e. Vegagerðin og Samgöngustofnun Íslands. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var sú að starfsmenn vildu helst að framkvæmdastofnunin hétu Vegagerðin en að stjórnarsýslustofnunin hétu Samgöngustofa. Af þeirri ástæðu eru lögð til breyting á heiti stofnunarinnar.

Aðrar breytingarnar eru þær helstar að heitum einstakra stofnana í ýmsum sérlægum er breytt í heiti hinna nýju stofnana. Vísunum í Flugmálastjórn Íslands og Umferðarstofu er

öllum breytt í Samgöngustofu en vísunum í Siglingastofnun Íslands og Vegagerðina er ýmist breytt í Samgöngustofu eða Vegagerðina eftir því undir hvora stofnunina verkefnið fellur.

Að auki er heitum yfirmanna einstakra stofnana breytt í forstjóra Samgöngustofu og forstjóra Vegagerðarinnar og ákvæði um siglingaráð og hafnaráð felld brott enda verða ráðin ekki til eftir gildistöku laganna. Einnig eru lagðar til aðrar smávægilegar breytingar á lögum um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála og Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála þar sem lagt er til að bætt verði við tveimur reglugerðarheimildum. Annars vegar að ráðherra verði gert heimilt að kveða nánar á um hlutverk og starfshætti stofnanna tveggja með reglugerð og hins vegar að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um starfsemi fagráða á starfssviðum stofnananna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987. Vísunum í Vegagerðina og Umferðarstofu er breytt í Samgöngustofu og vísunum í vegamálastjóra er breytt í forstjóra Vegagerðarinnar. Að auki er 1. og 2. másl. 3. mgr. 76. gr. breytt þannig að Samgöngustofu er gert heimilt, að fengnu samþykki Vegagerðarinnar, að veita undanþágu frá reglum þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga en nú er það veghaldari, þ.e. Vegagerðin, sem getur veitt undanþágur. Þar sem Samgöngustofa mun sjá um útgáfu undanþága sem Vegagerðin gerði áður er ákvæðinu breytt með þessum hætti en þó þannig að samþykki Vegagerðarinnar liggja fyrir.

Um 6.–9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Lögð er til breyting á lögum um sjóvarnir, nr. 28/1997. Vísunum í Siglingastofnun Íslands er breytt í Vegagerðina. Vísanir í hafnaráð eru felldar út. Í d-lið er lagt til að í stað þess að hafnaráð skeri úr um kostnaðarskiptingu vegna undirbúnings og framkvæmda við sjóvarnir þegar samkomulag næst ekki milli aðila þá verði ráðherra fengið að hlutverk.

Um 11.–24. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Lögð er til breyting á hafnalögum, nr. 61/2003. Vísunum í Siglingastofnun Íslands er ýmist breytt í Samgöngustofu eða Vegagerðina eftir því sem við á. Ákvæði um hafnaráð eru felld brott. Í l-lið er lagt til að Vegagerðinni verði falin stjórn Hafnabótasjóðs í stað hafnaráðs.

Um 26. gr.

Lögð er til breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004. Vísunum í Siglingastofnun Íslands er ýmist breytt í Samgöngustofu eða Vegagerðina. Í d-lið er lögð til breyting á 1. mgr. 13. gr. laganna en í henni er fjallað um skipun í mengunarvarnaráð

hafna og á Siglingastofnun Íslands þar nú einn fulltrúa. Þar sem verkefni Siglingastofnunar færast nú annars vegar til Samgöngustofu og hins vegar til Vegagerðarinnar er talið rétt að báðar stofnanirnar eigi fulltrúa í mengunarvarnaráði hafna og því er lagt til að fulltrúum í ráðinu verði fjölgað úr sjö í átta.

Um 27.–40. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 41. og 42. gr.

Lagðar eru til breytingar á lögum um Farsýsluna, stjórn-sýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012, og lögum um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, nr. 120/2012.

Í a- og d-lið 41. gr. er lagt til að heiti Farsýslunnar verði breytt í Samgöngustofu.

Í b-lið 41. gr. og a-lið 42. gr. er lagt til að við 2. gr. laganna verði bætt heimild fyrir ráðherra til að kveða nánar á um hlutverk og starfshætti stofnananna. Er slíkt ákvæði að finna í þeim lögum sem nú gilda um fyrirrennara þessara nýju stofnana og hafa reglugerðir verið settar á grundvelli þeirra heimilda.

Í c-lið 41. gr. og b-lið 42. gr. er lagt að við 3. gr. laganna verði bætt heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um starfsemi fagráða á starfssviðum stofnananna. Með lögnum voru felld úr gildi ákvæði um flugráð, siglingaráð, hafnaráð og umferðarráð en í stað þeirra gert ráð fyrir fagráðum og eðlilegt að um starfsemi þeirra séu settar reglur.

Um 43. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 2013, þ.e. á sama tíma og lögin um Farsýsluna, stjórn-sýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012, og lögin um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, nr. 120/2012, taka gildi.

